

Stofnskrá fyrir byggðasafn Dalvíkurbyggjar

1. grein

Heiti safnsins er Hvoll og starfar það sem byggðasafn Dalvíkurbyggðar. Minjasvæði þess er lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Heimilisfang: Við Karlsrauðatorg, 620. Dalvík.

2. grein

Safnið var formlega opnað 12. desember 1987.

3. grein

Eigandi safnsins er Dalvíkurbyggð. Kostnaður af rekstri safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun hvert ár. Allur arður af starfseminni skal renna til safnsins sjálfs.

4. grein

Safnið skiptist í þrjár deildir, sem allar eru staðsettar í húsakynnum safnsins að Hvoli, við Karlsrauðatorg, Dalvík. Deildirnar eru þessar:

4.1 Byggðasafn

4.2 Náttúrugripasafn

4.3 Minningarstofur um þekkt einstaklinga byggðalagsins

5. grein

Byggðasafnið Hvoll starfar samkvæmt gildandi safnalögum, nú safnalög nr. 141/2011 og siðareglum ICOM, alþjóðaráðs safna.

6. grein

Með vísan til Safnalaga er meginhlutverk safnsins að safna, skrásetja, forverja, varðveita, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar byggðarinnar.

Sérstök áhersla er lögð á að kynna líf og störf svarfdælinganna, Jóhanns Péturssonar „Svarfdælings“ og Kristjáns Eldjárns, fyrrum forseta Íslands.

Þá er það hlutverk safnsins að sýna/kynna á sem eðlilegastan hátt muni byggðarlagsins og náttúrugripi, sem safninu kann að hafa áskotnast á hverjum tíma, og setja upp sérsýningar á eigin vegum eða í samvinnu við aðrar stofnanir. Þá skal safnið gangast fyrir fyrirlestur, leiðsögn um safnið og annarri kynningu, t.d. útgáfu kynningarrita.

Söfnunar- og sýningarstefnu safnsins skal endurskoða reglulega. Safnið lánar muni öðrum söfnum samkvæmt almennum reglum um millisafnalán.

Safnið getur einnig veitt ráðgjöf um meðferð og varðveislu hverskonar menningarminja (muna og mynda) í eigu annarra á minjasvæðinu s.s. einstaklinga eða fyrirtækja.

7. grein

Allir munir skulu skráðir samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Heiti á safngrip og notagildi hans.
2. Aldur safngrips.
3. Nafn þess er gerði safngripinn.
4. Nafn eiganda, gefanda og notanda.
5. Hvaðan og á hvern hátt safngripur er kominn í safnið.

8. grein

Byggðasafnið Hvoll heyrir undir bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar en hún hefur falið menningarráði Dalvíkurbyggðar stjórn safnsins.

Menningarráð ræður forstöðumann fyrir safnið. Ráðningin skal hljóta staðfestingu bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar.

Forstöðumaður safnsins skal hafa sérfræðimenntun á sviði menningar og eða safnafræða. Forstöðumaður skal að jafnaði sitja fundi nefndarinnar þegar fjallað er um málefni safnsins.

9. grein

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann sér um faglega starfsemi safnsins.

Forstöðumaður ræður safnverði til vinnu yfir sumarmánuði sem eru vel að sér í sögu svæðisins.

10. grein

Verði safnið lagt niður skal munum þess ráðstafað af eigendum í samráði við höfuðsafn á sviði Þjóðminjavörslu og öðrum eigum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti.

11. grein

Stofnskrá þessi byggir á stofnskrá frá árinu 2002 og var endurskoðuð þann 18. febrúar 2009.



DALVÍKURBYGGÐ

Samþykkt á fundi menningarráðs 18.02.2009.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 19.11.2002.

Samþykktar breytingar á fundi menningarráðs þann 13.09. 2013

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 17.09.2013

